

FÉLAG ÍSLENSKRA SKIPSTJÓRNARMANNA

Alþingi

Erindi nr. **P** 128/743

komudagur 14.1.2003

Samgöngunefnd Alþingis
Hr. nefndarritari Ágúst Geir Ágústsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. janúar 2003.
c:/2003/alþingi/vinnutími

Efni: Frumvarp til laga um vinnutíma sjómanna 390. mál, EES reglur.

Félag íslenskra skipstjórnarmanna hefur yfirfarið umrætt frumvarp og lýsir yfir ánægju með þann umsagnarrétt sem því er heimilaður og er umsögnin gerð í samráði við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.


Félagið leyfir sér að gera eina efnislega athugasemd við 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins og sömu athugasemd við 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Telur Félag íslenskra skipstjórnarmanna að sú heimild sem þar er gefin sé of viðtæk, þar sem hlutlægar, tæknilegar eða skipulagslegar ástæður geta leyft að með reglugerð eða kjarasamningum megi víkja frá þeim “grunngirðingum” sem lagatextinn setur um vinnu- og hvíldartíma. Verður ekki annað séð en að hægt sé að færa allar ástæður fyrir því að skerða hvíldarrétt sjómanna undir hlutlæga, tæknilega eða skipulagslega þörf. Hvað varðar það ákvæði að slíkt verði “í samræmi við almennar meginreglur um verndun öryggis og heilbrigðis sjómanna” verður að ætla að sú meginregla sé nú þegar í gildi.

Bent er á að trúlega á aðeins að vitna í 1. mgr. í fyrstu línu 2. mgr. 3. gr.

f.h. Félags íslenskra skipstjórnarmanna

Virðigarfyllst


Guðjón Petersen